# DÝRA3FV03 Dýrafræði

<table>
<tr><td colspan="2">Lýsing<br><br>Fjallað er um náttúrufræði villtra íslenskra landspendýra og fugla. Saga landspendýranna er skoðuð, auk búsvæða þeirra og samskipta við manninn. Lögð er áhersla á greiningareinkenni helstu fuglategundanna og fjallað um kjörlendi, lifnaðarhætti, fæðuval, fjölgunaratferli og faratferli þeirra. Í áfanganum er sérstaklega fjallað um þær breytingar sem geta orðið á búsvæðum fugla við margskonar landnýtingu og landbætur, einkum landbúnað, landgræðslu og skógrækt.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Forkröfur<br><br>Almennar forkröfur garðyrkjunáms</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br><br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br><br>• Sögu landspendýra og samskiptum þeirra við manninn.<br>• Grunnatriðum í náttúrufræði villtra landspendýra og fugla á Íslandi.<br>• Nöfnum, útlitseinkennum og búsvæðum helstu tegunda villtra landspendýra og fugla á Íslandi.<br>• Lifnaðarháttum, fæðuvali, fjölgunaratferli og árstíðabundnu fari fuglategundanna.<br>• Áhrifum landnýtingar og landbóta á fuglastofna.</td><td>Hæfniviðmið<br><br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br><br>• Greina helstu tegundir villtra landspendýra og fugla á Íslandi sem metið er með skriflegu prófi, kynningum og jafningjamati.<br>• Greina kjörlendi, lifnaðarhætti, fæðuval, fjölgunaratferli og árstíðabundið far fuglategundanna sem metið er með skriflegu prófi og verkefnum.<br>• Gera sér grein fyrir mögulegum áhrifum landnýtingar og landbóta á villt spendýr og fuglastofna sem metið er með skriflegu prófi og kynningum .</td></tr>
<tr><td colspan="2">Leikniviðmið<br><br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br><br>• Skoða samskipti mannsins og umgengni við landspendýr á Íslandi.<br>• Þekkja helstu tegundir villtra spendýra og fugla á Íslandi og búsvæði þeirra.<br>• Afla sér upplýsinga um lifnaðarhætti helstu fuglategunda á Íslandi.<br>• Átta sig á áhrifum landnýtingar og landbóta á fuglastofna.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Námsmat<br><br>Skriflegt próf 79%, Lágmarks prófseinkunn: 5,0<br>Verkefni samtals 21%, lágmarks einkunn 5,0.</td></tr>
</table>

## Námsgögn:

Stuðst við vefsíður : Fuglavefurinn, Náttúrufræðistofnun Íslands (fuglar og spendýr), Fuglar á Íslandi, villt íslensk spendýr ýmis fróðleikur

Stuðst við bækur:

*Íslensk spendýr* eftir Jón Baldur Hlíðberg og Pál Hersteinsson
*Villt íslensk spendýr*, ritstjórar Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson
*Lífríki Íslands – Vistkerfi lands og sjávar* eftir Snorra Baldursson

## Kennsluáætlun:

| **Kennslu-vika** | **Dags.** | **Tími** | **Efni** |
|---|---|---|---|
| 1 | 31/8 | 12:45-15:45 | **Lotuvika.** Vettvangsferð – fuglaskoðun, verkefni 1 |
| 2 | 7/9 | 9:00-12:00 | Aðlögun landspendýra og fugla |
| 3 | 14/9 | 9:00-12:00 | Fuglar - Skil á verkefni 1 |
| 4 | 21/9 | 9:00-12:00 | Fuglar |
| 5 | 26/9 | 12:45-15:45 | **Lotuvika.** Vettvangsferð – fuglaskoðun, verkefni 2 |
| 6 | 5/10 | 9:00-12:00 | Fuglar |
| 7 | 12/10 | 9:00-12:00 | Spendýr |
| 8 | 19/10 | 9:00-12:00 | Saga og sérkenni íslensks lífríkis |
| 9 | 26/10 | 9:00-12:00 | Rask, landbætur, ræktun |
| 10 | 3/11 | 12:45-15:45 | **Lotuvika.** Vettvangsferð - fuglaskoðun, verkefni 3 |
| 11 | 9/11 | 9:00-12:00 | Flækingsfuglar og nýliðar |
| 12 | 16/11 | 9:00-12:00 | Upprifjun fyrir próf |
| | | | |
| 16 | 14/12 | | **Próf** |

Kennari: Úlfur Óskarsson ulfur@skogur.is  s. 864 6642